

ANAXAGORAS OG SÓKRATES

Sögubáttur

Hafið ekki of mikið álit á greind þeirra manna, sem geta ímyndað sér, að það, sem ritað er af snilld og þekkingu, sé hugsað af rugluðum heila.

I

Í blaðinu „Tíminn“ var í vetur ritgerð eftir hinn nafnkunna Camille Flammarion, þar sem lesa mátti margt fróðlegt um sögu þekkingarinnar á jörðu hér. En um þann þátt mannkynssögunnar er fremur lítið hirt, og er hann þó einna merkilegastur, þar sem aukin þekking er undirrót allra framfara.

Flammarion segir frá því, að Aþenumenn hafi dregið spekinginn Anaxagoras fyrir lög og dóm, vegna þess sem hann hafði sagt um stærð sólarinnar. En þetta er ekki rétt hjá Flammarion. Hann tekur ekki fram það sem var mergurinn málsins. Aþenumenn gerðu ekki einungis að draga Anaxagoras fyrir lög og dóm, heldur dæmdu þeir hann til lífláts, og eigi fyrir það, sem spekingurinn hafði sagt um stærð sólarinnar o. s. frv., heldur af því að hann sagði, að sólin væri ekki guð. Það var mergurinn málsins. Það sem mönnum þekkingarinnar varð erfiðast, var að sækja fram gegn trúarsannfæringunum. Og á þá leið er enn í dag, þó að nýjar tegundir af trúarsannfæringum séu komnar til sögunnar. Er nú ekki einungis að sækja fram gegn því, sem nefna mætti hina prótomóru lífsskoðun (af prótos, og móros, fávís; die primitive Dummheit, Protomorie, lífsskoðun svertingjans o. s. frv.) heldur er nú einmitt á þann straum að róa, sem hin heteromóra lífsskoðun skapar (af heteros,

annar, og móros; Heteromorie, die reaktive Dummheit, die ganz und gar nicht wissenschaftliche Religion des Thanatisten und Ignorabimisten). Prótómórí er t. a. m. hin eldforna skýring á fyrirburðum þeim sem spiritistar segja frá. Heterómórí er sú trú, að sjálfir þessir fyrirburðir eigi ekki rót sína í öðru en blekkingum og skynvillum.

II

Einn af mótstöðumönnum Anaxagorasar var Sókrates. Varð Sókrates frægri miklu en Anaxagoras, en var þó hvergi nærri annar eins spekingur. Það má gera sér ljósa hugmynd um Sókrates af endurminningum Xenofóns um hann. Xenofón lýsir Sókratesi yfirleitt réttar en Platón, að því er mér virðist. Og var maðurinn að vísu mjög merkilegur.

Sókrates hvatti menn ekki til að stunda náttúrufræði. Honum þótti náttúrufræðin „ópraktisk“, óhagsamlegri eða gagnsminni en svo, að verjandi væri til hennar miklum tíma. Menn eru nú loksins, eins og kunnugt er, komnir á aðra skoðun um suma þætti náttúrufræðinnar. En sumir eru þeir þættir, sem menn vita þó ekki um ennþá, hversu nauðsynlegir þeir eru til nytsemdar. Sókrates hélt ennfremur, að guðirnir mundu ekki hafa ætlast til þess, að menn væru að leita eftir þekkingu á stjörnunum. Athæfi náttúrufræðinganna var því í hans augum eigi aðeins ógagnlegt, heldur jafnvel óguðlegt. Um Anaxagoras sagði Sókrates, að hann færi með rugl. Nefndi hann það til, að Anaxagoras skyldi vera að halda því fram, að sólin væri glóandi efni.

Þannig hafði þessi mikli brautryðjandi náttúrufræðinnar á móti sér, eigi einungis hleypidóma hinna fávísu, heldur einnig hleypidóma spekinganna.

Og það er ekki á aðra leið þann dag í dag, sé aðeins brautin, sem verið er að ryðja, nógu stórkostleg.

Morgunblaðið, 22. ágúst 1919.